



Til:
Efni:
Upplýsingar:

egill@skipulag.is
Re: Fw: Laxeldi í Reyðarfirði
Sent: 07.11.2018 14:56:25 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018100019, Bréfalyklar: 42-2 Ums
um matsskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2018100019

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá 24. október sl.

Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að koma eftirfarandi á framfæri:

Í kafla 9.6 og 9.6.2. Fuglar, er ekki vísað í nýútgefna válista fugla 2018 (eðlilegt því válistinn var birtur mjög nýlega) sjá hér: <http://ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar>

Einnig er ekki fjallað um fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, sjá hér: <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf, sjá m.a. svæði í Reyðarfirði.

Í kafla 9.6.4 segir einfaldlega að fuglalíf verði ekki vaktað. Að mati Náttúrufræðistofnunar hlýtur að þurfa að vakta alla þætti sem geta haft áhrif á starfsemina og því eðlilegt að fuglalíf sem hugsanlega hefur áhrif á fiskeldið sé skráð þó markmiðið sé ekki að fylgjast með fuglalífi almennt.

Í kafla 9.6.4 er ályktað að áhrif á fugla verði bæði neikvæð og jákvæð og niðurstaðan verði því hlutlaus. Þetta er mikil einföldun á því sem hugsanlega á sér stað. Tegundir innbyrðis eru ólíkar, sumar t.d. sjaldgæfar og aðrar ekki o.s.frv. Neikvæð áhrif á eina tegund geta því verið alvarleg og „jákvæð“ áhrif á aðra tegund koma varla til með að bæta slík áhrif. Fullyrðingar af þessu tagi, án vistfræðilegra röksemda, eiga ekki heima í mati á umhverfisáhrifum.

Í kafla 9.7 er fjallað um spendýr. Í 9.7.1 er t.d. fjallað um að áhrif á mink, mýs og ref geti orðið jákvæð vegna aukins framboðs af fæðu. Ekki er fjallað frekar um þetta í kafla um vöktun eða í niðurstöðukafla 9.7.5. Rétt er að benda á að aukið fæðuframboð fyrir mink telst ekki æskileg þar sem minkur flokkast sem framandi ágeng tegund.

Vegna umfjöllunar um landsel er ekki vísað í Válista spendýra sjá hér: <http://ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr>.

Ekki er heldur fjallað um fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 56, Selalátur við strendur Íslands, sjá hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf. Í kortasjá (<http://selalatur.ni.is/>) má sjá að mjög lítið landselslátur er inni í botni fjarðarinnar, engin látur eru við fjarðarmynnið, hvorki norðan né sunnan við. Búsvæði selanna s.s við ætisleit nær væntanlega til fjarðarinnar í heild. Mikilvægi þessa svæðis fyrir afkomu landsels í heild er líklega óverulegt, þó staða stofnsins sé slæm, sjá válista.

Tekið er undir að skrá eigi sjávarspendýr sbr. 9.7.4 og athugasemd við 9.6.4.

Virðingarfyllt,
Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Trausti Baldursson/NI.IS
Date: 10/24/2018 02:46:04 PM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Laxeldi í Reyðarfirði

----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 24.10.2018 14:45 -----

From: Egill Þórarinnsson <Egill@skipulag.is>
To: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Date: 24.10.2018 12:14
Subject: Laxeldi í Reyðarfirði

Sæll Trausti

Við erum að vinna að álitni vegna fyrirhugaðar framleiðsluaukningar Laxa fiskeldis í Reyðarfirði úr 6.000 tonnum í 16.000 tonn. Því miður fórst fyrir að senda NÍ umsagnarbeiðni á sínum tíma .

Ég vildi kanna hvort þú teljir þörf á því að veita umsögn eða koma einhverju sérstöku á framfæri.

Ég er helst að vandræðast með möguleg áhrif á fugla og seli en selir kunna að kæpa í firðinum .

Með kveðju,

Egill Þórarinnsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

Egill@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun